

STARFSÁÆTLUN

HÖFÐASKÓLA

2017-2018



*Í starfsáætlun Höfðaskóla eru upplýsingar um skipulag starfsins í skólanum,
nám og félagslíf nemenda, starfsfólk, skóladagatal
og fleira sem einkennir starf skólans.*

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Grunnupplýsingar	5
Skólahúsnæði.....	5
Heimasíða og símanúmer	5
Stjórnskipulag skólans	5
Starfsfólk Höfðaskóla.....	6
Stuðningsfulltrúar og Frístund	6
Aðrir starfsmenn.....	6
Starfsáætlun nemenda	6
Mentor.....	6
Skólareglur Höfðaskóla.....	7
Skóladagatal.....	7
Nemendaviðtalsdagar – foreldraviðtöl.....	7
Starfsdagar/skipulagsdagar	7
Jólaleyfi og páskaeyfi	7
Vetrarfrí	8
Sérstakir dagar	8
Árshátíðir og félagslíf.....	8
Skólafélag.....	8
Skólaakstur	9
Mötuneyti Höfðaskóla	9
Frístund.....	9
Forföll starfsmanna.....	9
Fréttir af starfi skólans.....	9
Bókasafn skólans	9
Um Höfðaskóla	9
Starfshættir og helstu verkefni.....	10
Skóladagur nemenda	11
Val nemenda í 8.-10. bekk	11
Símenntun starfsfólks	12
Trúnaðarmenn	12
Hagnýtar upplýsingar	12
Nýir nemendur.....	12
Forföll og leyfi nemenda.....	12
Frímínútur.....	12
Farsímar/rafrænir tónlistarspilarar.	13
Tapað – fundið	13
Slys, tjón og bætur	13
Útivistarreglur.....	13
Skólaþjónusta	13
Nemandi í vanda – hvert skal leita	14
Sérkennsla	14
Almennur stuðningur.....	15
Nemendavernd.....	15
Náms- og starfsráðgjöf	15
Sálfræðiþjónusta.....	16
Heilsugæsla.....	16

Almennt heilsufarseftirlit.....	16
Foreldrasamstarf	16
Foreldrafélag.....	16
Ýmsar áætlanir	17
Öryggi nemenda og starfsfólks.	17
Rýmingaráætlun, viðbrögð við vá.....	17
Óveður	17
Mat á skólastarfi	17
Innra mat.	17
Ytra mat	17
Nánustu samstarfsaðilar	18
Skólaráð	18
Fræðslunefnd Höfðaskóla.....	18
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki.	18
Tónlistarskóli A-Húnavetninga	18
Leikskólinn Barnaból.....	18

Inngangur

Samkvæmt grunnskólalögum nr. 91/2008 skal hver grunnskóli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir þeirri vinnu og skal hún unnin í samráði við kennara. Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti og mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Umsagnaraðilar um starfsáætlun eru skólaráð og fræðslunefnd.

Í árlegri starfsáætlun er m.a. gerð grein fyrir starfstíma skólans, skóladagatali, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Þar skal birta upplýsingar um starfslið skólans, stjórnkerfi og almennar, hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers árs.

Nánari upplýsingar um skólann má nálgast á heimasíðu skólans.

Skólastefnu Sveitarfélagsins Skagastrandar má nálgast á heimasíðu skólans sem og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Grunnupplýsingar

Skólahúsnaði

Frá hausti 2017 fer starfsemi Höfðaskóla fram í aðalbyggingu, en fram til þess hafa unglingadeildirnar haft kennslusaðstöðu í íþróttahúsinu. Nú fer eingöngu íþróttakennsla þar fram.

Frístund, skólahjúkrunarfræðingur og námsráðgjafi hafa aðstöðu í aðalbyggingu.

Bókasafnið er í nýju rými í aðalbyggingu.

Heimasíða og símanúmer

Heimasíða skólans er www.hofdaskoli.is

Netfang skólans/skólastjóra er hofdaskoli@hofdaskoli.is

Símanúmer Höfðaskóla er 452 2800

Önnur símanúmer:


Frístund: 867 9725.

Íþróttahús: 452 2750

Á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um skólastarfið, auk tengla á gagnlegar slóðir fyrir nemendur, kennara og foreldra. Skólinn setur einnig inn upplýsingar á fésbókarsíðu skólans.

Stjórnskipulag skólans

Á þessu skipuriti má sjá stjórnskipulag skólans:



Starfsfólk Höfðaskóla

Við skólann starfa 22 starfsmenn í mismunandi stöðugildum, þar af 11 kennarar og tveir stjórnendur, einn starfsmaður á bókasafni, tveir við Frístund, fimm stuðningsfulltrúar, einn starfsmaður í Námsveri, einn skólaliði og húsvörður. Starfsmenn skólans eru eftirfarandi:

Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir, umsj.kennari miðstigs
Dagný Rósa Úlfarsdóttir, umsj.kennari unglingastigs.
Elva Þórisdóttir, kennari
Erna Berglind Hreinsdóttir, umsjónarkennari 1.b.
Finnbogi Guðmundsson, íþróttakennari
Guðjón Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri
Guðrún Elsa Helgadóttir, umsj.kennari 4.b.
Helga Gunnarsdóttir, umsj.kennari unglingastigs.
Inga Jóna Sveinsdóttir, kennari (í *barnseignaleyfi*)
Ólafur Bernódusson, námsráðgjafi, kennari
Sara Diljá Hjálmarsdóttir, umsj.kennari miðstigs
Sonja Dröfn Helgadóttir, umsj.kennari 2. og 3. b.
Vera Ósk Valgarðsdóttir, skólastjóri
Þorgerður Þóra Hlynisdóttir, leiðbeinandi

bylgjadogg(hjá)hofdaskoli.is
dagnyrosa(hjá)hofdaskoli.is
elvath(hjá)hofdaskoli.is
ernaberglind(hjá)hofdaskoli.is
finnbogi(hjá)hofdaskoli.is
gudjonsig(hjá)hofdaskoli.is
gudrunelsa(hjá)hofdaskoli.is
helgagunn(hjá)hofdaskoli.is
ingajona(hjá)hofdaskoli.is
olibenna(hjá)hofdaskoli.is
saradilja(hjá)hofdaskoli.is
sonja(hjá)hofdaskoli.is
veraosk(hjá)hofdaskoli.is
gigga(hjá)hofdaskoli.is

Stuðningsfulltrúar og Frístund

Fjola Dögg Björnsdóttir, stuðningsfulltrúi, Frístund
Jóhanna G. Karlsdóttir, stuðningsfulltr., leiðbeinandi
Kolbrún Ósk Eðvarðsdóttir, stuðningsfulltrúi, Frístund
Kristín Kristmundsdóttir, stuðningsfulltrúi

fjoladogg(hjá)hofdaskoli.is
johannak(hjá)hofdaskoli.is
kolbrun(hjá)hofdaskoli.is
stinamunda(hjá)hofdaskoli.is

Aðrir starfsmenn

Gígja Óskarsdóttir, húsvörður íþróttahúss
Halla Björk Víðisdóttir, starfsmaður í íþróttahúsi
Kristinn R. Kristjánsson, húsvörður
S. Agnes Sævarsdóttir, verkefnastjóri sérkennslu
Sigríður Stefánsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur
Svenný H Hallbjörnsdóttir, skólaliði

ithrottahus(hjá)hofdaskoli.is
ithrottahus(hjá)hofdaskoli.is
husvordur(hjá)hofdaskoli.is
agnes(hjá)hofdaskoli.is
sigga(hjá)hsb.is
svenny(hjá)hofdaskoli.is

Starfsáætlun nemenda

Skólastarf nemenda hefst kl. 8:10 alla daga og er lokið kl. 14:30 en skóla lýkur fyrr hjá yngri nemendum sem hafa færri kennslustundir á viku. Upplýsingar um stundaskrár nemenda er að finna á Mentor og þar eiga einnig að birtast áætlanir um nám nemenda.

Mentor

Allir kennarar hafa aðgang að Mentor og er skylt að nota þetta skólaskráningarkerfi í samskiptum við heimili. Þar setja þeir ýmsar upplýsingar er varða nám barnanna. Nemendur og foreldrar hafa aðgang að þessum upplýsingum með aðgangsorðum sínum. Hafi þeir glatað aðgangsorðunum, skulu þeir snúa sér til skólastjóra sem útvegar nýtt.

Mentor er notað til að halda utan um upplýsingar og þannig tryggja örugg samskipti milli skóla og heimilis. Eru forráðamenn hvattir til að fara reglulega inn á Mentor og skoða gengi barna sinna í skólanum.

Skólareglur Höfðaskóla

Samkvæmt reglugerð nr.1040/2011 skal hver grunnskóli setja sér skólareglur þar sem fram koma skýr viðbrögð við brotum á reglunum. Stuðla skal að jákvæðri hegðun og því að rækta persónuþroska og hæfni nemenda.

Skólareglur eru fyrst og fremst settar til þess að skapa frið og næði til náms í skólanum. Áhersla er lögð á jákvæð og góð samskipti milli nemenda innbyrðis og milli nemenda og starfsfólks. Einnig miðast reglurnar að því að veita þeim vernd sem minna mega sín. Þá eru og gerðar kröfur um góða umgengni í skóla og á skólalóð.

Skólareglur eru settar í samráði við skólaráð og skal leitast við að ná góðri sátt um þær.

Á hverju hausti skulu skólareglurnar ræddar innan skólans, þær kynntar nemendum og foreldrum þeirra og þær birtar á heimasíðu skólans. Umsjónarkennarar fjalla um reglurnar, þýðingu þeirra og hlutverk með nemendum eins oft og þurfa þykir. Í skólareglum er kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, ábyrgð og skyldur.

Skóladagatal

Skóladagatal Höfðaskóla fyrir skólaárið 2017-2018 má sjá á heimasíðu skólans. Kennsla fellur niður á skipulagsdögum/starfsdögum kennara en það eru ellefu dagar á skólaárinu, þ.m.t. fimm dagar að hausti áður en kennsla hefst og einnig þrír dagar að vori, eftir að kennslu lýkur. Vegna framkvæmda í sumar varð smá breyting á skóladagatali og skólasetning frestaðist um þrjá daga.

Ýmsa aðra daga er brugðið frá hefðbundnum skóladegi, en þá eru m.a. foreldra-og nemendasamtöl, jólaskeið, Elínborgardagur, framsagnarkeppni, árshátíð og útivistardagar.

Skólaárinu er skipt upp í tvær annir en námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina. Umsjónarkennarar skulu upplýsa forráðamenn reglulega um námsframvindu nemenda sinna.

Sundkennsla er að hausti og aftur að vori skv. skóladagatali.

Nemendaviðtalsdagar – foreldraviðtöl.

Nemendaviðtöl sem eru ætluð til viðtala foreldra, nemenda og umsjónarkennara eru tvisvar á ári.

Rætt er saman út frá frammistöðumati sem hefur farið fram áður og er unnið út frá spurningum til forráðamanna á Mentor. Ef þörf er á lengra viðtali en 10 mínútum er fundinn annar tími í samráði við foreldra.

Starfsdagar/skipulagsdagar.

Starfsdagar eru sameiginlegir starfsdagar kennara og annarra starfsmanna. Nemendur koma ekki í skólann þessa daga en kennarar vinna að skipulagi, undirbúningi kennslu, námsmati, þróunarstarfi, sjálfsmati og fleiru er lýtur að skólastarfi.

Starfsdagar á starfstíma skóla eru 6.október vegna haustþings kennara, 3. janúar v/undirbúnings vorannar, 15. janúar v/námsmats, 19. mars og 3. apríl.. Þess utan eru starfsdagar að hausti fyrir skólasetningu og eftir skólaslit að vori.

Jólaleyfi og páskaleyfi

Jólaleyfi hefst 21. desember og stendur til og með 4. janúar. Starfsmenn koma til starfa 3. janúar.

Páskaleyfi er dagana 24.mars -3. apríl.

Vetrarfrí

Vetrarfrí verður 13. nóvember, og dagana 15.-16. mars 2018 (+ 1 starfsdagur).

Sérstakir dagar

Eins og undanfarin ár dvelur 7. bekkur í Reykjaskóla í Hrótafirði í fimm daga við leik og störf. Í þetta sinn er dvölin dagana 16. til 20. október. Sömu daga mun 9. bekkur dvelja að Laugum í Sælingsdal, Dalasýslu þar sem reknar eru ungmennabúðir Ungmennafélags Íslands.

Elínborgardagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur í Höfðaskóla síðan haustið 2006 en þá er hefðin að halda Dag íslenskrar tungu, 16. nóv., hátíðlegan. Í ár hefur verið ákveðið að slá saman Elínborgardegi og *árshátíð* og halda hátíð í kringum 17. nóvember í Fellsborg.

Litlu jólin verða haldin síðasta kennsludag fyrir jólafrí, 20. desember. Þá koma nemendur í skólann í betri fötunum og halda á jólaball í íþróttahúsi. Nemendur heimsækja einnig kirkju staðarins og hlusta þar á jólasögu, eiga huggulega stund með umsjónarkennara og borða gómsætan möndlugraut.

Framsagnarkeppnin í Húnaþingi verður haldin þriðjudaginn 7. mars. Þessi keppni sem gengur einnig undir nafninu *Stóra upplestrarkeppnin*, er haldin um allt land og eru það nemendur í 7. bekk sem keppa sín á milli í upplestri. Markmið upplestrarkeppninnar er, eins og segir á heimasíðu keppninnar að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Framsagnarkeppnin í Húnaþingi er tileinkuð Grími Gíslasyni frá Saurbæ í Vatnsdal og verður í ár haldin hér á Skagatrönd.

Litla framsagnarkeppnin, fyrir 5.-7. bekk, verður haldin í febrúar. Þá lesa nemendur umræddra bekkja fyrir dómnefnd. Nemendur í 5. bekk lesa ljóð, 6. bekkur les brot úr sögu og 7. bekkur les hvort tveggja. Verðlaun eru veitt fyrir þrjú efstu sætin í hverjum árgangi. Þeir þrír sem skara fram úr í 7.b. eru síðan fulltrúar Höfðaskóla í Framsagnarkeppni Húnaþings.

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi. Þangað fer 5. bekkur í heimsókn á vordögum.

Að auki taka nemendur þátt í Skólahreysti, íþróttadegi skólanna í Húnavatnssýslum og stærðfræðikeppni FNV

Árshátíðir og félagslíf

Umsjónarkennarar halda utan um allt uppábrot sinna bekkja, s.s. bekkjarkvöld, litlu jól og árshátíðaratriði. Litlu jól verða eins og fyrr segir 20. desember.

Leiklistarhópur undir leiðsögn Ástrósa Elísdóttur mun vinna að leiksýningu á vordögum. Í fyrra settu nemendur upp söngleikinn *Allt er nú til eða Anything goes* eftir Cole Potrer.

Skólafélag

Samkvæmt 10. gr. laga um grunnskóla skal starfa nemendafélag í grunnskólum. Á það að vinna að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Skólafélag Höfðaskóla kallast Rán. Nánar er fjallað um skólafélagið á heimasíðu Höfðaskóla.

Skólafélagið setur sér starfsáætlun fyrir skólaárið og verður hún birt á vef skólans eins fljótt og auðið er. Umsjón með skólafélaginu í hár hefur Þorgerður Þóra Hlynisdóttir.

Skólaakstur

Nemendum Skagabyggðar er ekið til og frá skóla. Skólabílar fara flesta daga tvisvar á dag heim, þ.e. um hádegisbil og svo aftur að loknum skóladegi kl. 14:30.

Mötuneyti Höfðaskóla

Nemendur og starfsmenn, sem þess óska, snæða hádegisverð í Borginni, veitingahúsi bæjarins. Bekkirnir fara þangað á mismunandi tímum. Stuðningsfulltrúar fylgja yngstu nemendunum í matinn. Nemendur og starfsfólk geta verið í áskrift alla daga vikunnar eða suma daga. Matseðill mánaðarins birtist á heimasíðu skólans.

Frístund

Nemendum 1.-4. bekkja býðst lengd viðvera í Frístund. Er hún til húsa á neðstu hæð skólahússins og er alfarið á vegum skólans. Tveir starfsmenn sjá um Frístund frá kl. 12:30 til 16:00. Leitast er við að hafa starfið í Frístund sem fjölbreytilegast með áherslu á sköpun, útivist og leik. Börn sem stunda tónlistarnám við Tónlistarskólann og/eða íþróttastarf í íþróttahúsinu, eiga þess kost að sinna því samhliða dvöl í Frístund. Frístund er með eigin fésbókarsíðu. Símanúmer Frístundar er 867 9725.

Forföll starfsmanna

Þegar kennari forfallast er reynt eftir fremsta megni að skipuleggja forfallakennslu.

Aðstoðarskólastjóri sér um að skipuleggja forföll og tilkynna viðkomandi um þær ráðstafanir sem gerðar eru. Allir starfsmenn hringja að morgni (kl.7:30) í aðstoðarskólastjóra þegar um veikindi er að ræða.

Fréttir af starfi skólans

Skóladagatal, starfsáætlun og aðrar lýsingar á starfi skólans má nálgast á heimasíðu skólans. Þar birtast einnig jafnóðum fréttir af starfinu. Nemendur og foreldrar fá nánari skýringar á daglegu starfi með tölvupóstum sem sendir eru út í gegnum Mentor frá kennurum og stjórnendum.

Fyrir utan að halda úti heimasíðu fyrir skólann, þá hefur verið stofnuð sérstök *fésbókarsíða* fyrir Höfðaskóla. Einnig er unglingastigið og miðstigið með sérstakar lokaðar síður fyrir nemendur stiganna og forráðamenn þeirra.

Unnið er að nýrri heimasíðu fyrir skólann.

Bókasafn skólans

Á skólasafninu eru fræðibækur, heimildarit og skáldverk sem nemendur og kennarar geta nýtt sér. Safnið er áskrifandi að nokkrum tímaritum. Safnið er í nánú samstarfi með héraðsbókasafni staðarins. Umsjónarmaður skólasafnsins er *Þorgerður Þóra Hlynsdóttir*.

Um Höfðaskóla

Höfðaskóli byggir á gömlum grunni. Fyrir 1939 byggðist kennsla á farkennslu en haustið 1939 hófst fast skólahald á Skagatrönd og voru nemendur þá 46 talsins.

Við upphaf skólaársins 2017-2018 eru 84 nemendur skráðir í skólann

Samkennsla/teymiskennsla er nánast á öllum skólastigum. Skipting nemenda í árganga er með eftirfarandi hætti:

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1.b.	5	2	7	Erna Berglind Hreinsdóttir
2.b.	5	5	10	Sonja Dröfn Helgadóttir
3.b.	4	0	4	Sonja Dröfn Helgadóttir
4.b.	1	6	7	Guðrún Elsa Helgadóttir
5.b.	4	2	6	Bylgja Dögg Sigurbj.d./Sara Dilja Hjálmarsdóttir
6.b.	1	9	10	Bylgja Dögg Sigurbj.d./Sara Dilja Hjálmarsdóttir
7.b.	4	6	10	Bylgja Dögg Sigurbj.d./Sara Dilja Hjálmarsdóttir
8.b.	8	2	10	Dagý Rósa Úlfarsd./Helga Gunnarsd.
9.b.	5	6	11	Dagný Rósa Úlfarsdóttir
10.b.	6	3	9	Helga Gunnarsdóttir
Samtals	43	41	84	

Starfshættir og helstu verkefni

Skólinn mun áfram leggja áherslu á fjölbreytta kennsluhætti og námsmat og er það því gleðilegt að endurmenntun kennara í vetur mun snúast um umrædda þætti auk teymiskennslu og leiðsagnarmats undir stjórn og handleiðslu Ingvars Sigurgeirssonar.

Nemendur unglingastigs eiga allir sínar spjaldtölvur og nú hefur miðstigið aðgang að spjaldtölvum sem og yngsta stigið.

Nemendum á unglingastigi Höfðaskóla er gert kleift að stunda nám á framhaldsskólastigi í samvinnu við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

Eftirfarandi atriði eru í forgrunni er kemur að starfsháttum skólans skólaárið 2017-2018:

- *Samkennsla/teymiskennsla.*
Teymiskennsla byggir á samvinnu og felur í sér að tveir/þrír kennarar skipuleggja, framkvæma og meta nám fyrir fjölbreyttan nemendahóp þar sem sveigjanleiki og námsaðlögun á sér stað eftir þörfum. Hvert teymi tekur sameiginlega ábyrgð á kennslu nemenda og notar til þess fjölbreyttar náms- og kennsluaðferðir
- *Fjölbreyttir kennsluhættir og námsmat ; leiðsagnarmat.* Við leggjum áherslu á að kennsluhættir séu sem fjölbreyttastir og miði að því að undirbúa nemendur undir starfshætti 21. aldarinnar. Námsmat þarf að taka mið af fjölbreytileikanum og því þarf að beita sem fjölbreyttustu aðferðum þegar kemur að því að meta kunnáttu og hæfni nemenda. Nú þarf að leggja áherslu á að kennsluhættir og námsmat taki mið af nýjum hæfniviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla þar sem meta skal hæfni fyrst og fremst. Endurmenntun kennara mun eins og fyrr segir snúast um þessa þætt í vetur.
- *Spjaldtölvuvæðing – upplýsingatækni.* Skólinn leggur áherslu á notkun upplýsingatækni í kennslu og til þessa hafa verið keyptir iPadar á miðstig/unglingastig. Nemendur unglingastigs eiga allir spjaldtölvur sem þeir nota í námi sínu. Skólinn nýtir sér Google Apps for Education (GAPE) við kennslu ásamt fjölda kennsluforrita á netinu.

- *Mótun og ritun stefnu í stærðfræðikennslu* var sameiginlegt verkefni skólanna í Húnavatnssýslum í fyrra. Nú er verið að leggja lokahönd á að móta sameiginlega stefnu í stærðfræðikennslu í líkingu við læsisstefnu skólanna.
- *Fágæti og furðurverk* er lestrarhvetjandi verkefni sem ráðgjafarþjónusta Miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri hefur þróað. Verkefnið byggir á því að skólinn komi sér upp bekkjarsetti fyrir eina bekkjardeild (25-30 bakpokar) sem hefur að geyma bækur, tímarit og fylgihluti fyrir nemendur. Lagt er upp með að efnið tengist áhugasviði nemenda, ekki síst drengja. Áherslan er á að virkja foreldra, einkum feður eða karlkyns einstakling, til að lesa með börnunum heima og skapa þannig jákvæða lestrarfyrirmynd.

Skóladagur nemenda

Skólastarf hefst kl. 8:10, skólahúsnæðið er opið frá kl. 7:30 á morgnana. Kennslustundir eru 40 mínútur. Frá kl. 7:45 er hafragrautur í boði fyrir nemendur og starfsmenn.

Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum 1. - 4. bekkja lengd viðvera í Frístund til kl. 16:00.

Nemendur fá 20 mínútna frímínútur kl. 10:10. Unglingastigið tekur sínar 20 mínútna frímínútur kl.

9:30-9:50. Stuðningsfulltrúar, skólaliði og húsvörður sjá um gæslu í frímínútum. Hádegishlé nemenda sem er 40 mínútur er á mismunandi tímum eftir bekkjarstigum. Þá borða velflestir nemendur í *Borginni*, veitingahúsi staðarins, en þar hefur mötuneyti skólans verið starfrækt undanfarin ár.

Nemendur sækja sundtíma í litlu sundlaugina við Einbúastíg að hausti og að vori. Íþróttir eru kenndar í íþróttahúsinu við skólann. Allir nemendur fara í skólaíþróttir þrisvar í viku. Námsgreinarnar smíði, textílmennt, myndmennt og heimilisfræði eru kenndar í smíðjum.

Sundkennsla fer fram að hausti og að vori, 2-3 vikur í senn.

Val nemenda í 8.-10. bekk

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Leitast er við að hafa námsframboð sem fjölbreytilegast og nýta starfskrafta sem bjóðast í sveitarfélaginu, s.s. í listiðkun (leiklist, myndlist, dans), íþróttum o.fl.

Á elsta stigi velja nemendur sér níu kennslustundir í valgreinum. Almennt er miðað við að hver valgrein sé tvær kennslustundir á viku. Í sumum tilfellum eru valfög kennd lotubundið.

Skólaárið 2016-2017 eru eftirfarandi valgreinar í boði fyrir unglingadeild:

- IKG – iðngreinakynning fyrir 9.b.	- Skólahreysti
- Skipulagt af FNV.	- Félagsstörf – Rán
- Tónlist – tónlistarskóli	- Leiklist
- Íþróttir – íþróttæfingar hjá Fram	- Heimilisfræði og sköpun (8.b.)
- Skyndihjálp (10.b.)	- Starf m/ýngri börnum
- Snyrtifræði	- Eldamennska/bakstur
- Starfsfræðsla o.fl.	- Stíll í samstarfi við félagsmiðst.
- Framhaldsskólaáfangar	- Starfstengt nám o.fl.

Símenntun starfsfólks

Símenntunarstefnu skólans má sjá í heild sinni á heimasíðu skólans. Skv. henni vinna stjórnendur og starfsfólk saman að áætlun um símenntun á hverju skólaári. Skólinn reynir eftir fremsta megni að skipuleggja fræðslufundi, námskeið og skólaheimsóknir fyrir sitt starfsfólk. Starfsmenn eru hvattir til að sýna frumkvæði um að sækja námskeið og ráðstefnur sem þeir telja að nýtist þeim í starfi. Skólaárið 2017-2018 munu kennarar Höfðaskóla ásamt kennurum hinna skólanna skólanna í Húnavatnssýslum taka þátt í endurmenntun undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar og mun það snúast um leiðsagnarnám, fjölbreytta kennsluhætti og námsmat, teymiskennslu o.fl. Unnið hefur verið í samstarfi við aðra skóla í Húnavatnssýslum að því að móta sameiginlega læsis-og stærðfræðistefnu skólanna

Trúnaðarmenn

Trúnaðarmaður er fulltrúi stéttarfélags á vinnustað er viðkemur framkvæmd kjarasamnings og upplýsingamiðlun til félagsmanna. Trúnaðarmenn eru kjörnir til tveggja ára í senn. Trúnaðarmaður kennara (KÍ) í Höfðaskóla 2017-2019 er *Dagný Rósa Úlfarsdóttir*, til vara er *Sonja Dröfn Helgadóttir*. Öryggistrúnaðarmaður er *Kristinn R. Kristjánsson*, húsvörður.

Hagnýtar upplýsingar

Nýir nemendur

Þegar nýr nemandi kemur í skólann, kallar umsjónarkennari hann og forráðamann hans á sinn fund áður en formlegt skólastarf hefst. Umsjónarkennari sýnir honum skólahúsnæðið og kynnir hann fyrir starfsfólki skólans. Móttökuáætlun nýrra nemenda má sjá á heimasíðu skólans.

Forföll og leyfi nemenda

Forráðamenn tilkynna forföll nemenda strax í upphafi skóladags í síma 452-2800. Ef nemandi þarf að fá leyfi hluta úr degi eða heilan skóladag skal hafa samband við umsjónarkennara og/eða í síma 4522800. Þegar um lengri tíma er að ræða en tvo daga skal sækja skriflega um leyfi til skólastjórnenda. Eyðublað má finna á heimasíðu skólans, undir flípanum „*Skólastarfið*“. Það er alfarið á ábyrgð forráðamanna að sjá til þess að nemendur vinni upp það námsefni sem þeir missa af í lengra leyfi. Ef óskað er eftir undanþágu frá skyldunámi í námsgrein, þ.e. frávik frá aðalnámskrá, gera forráðamenn og skólastjóri með sér undirritaðan samning.

Frímínútur.

Frímínútur yngsta-og miðstigs eru kl. 10:10-10:30. Nemendur yngsta-og miðstigs fara út í frímínútum sínum. Stuðningsfulltrúar, skólaliði og húsvörður eru á gæslu í frímínútum. Foreldrar/forráðamenn eru beðnir um að hafa samband við umsjónarkennara þurfi nemandi að vera inn í frímínútum. Mikilvægt er að nemendur séu klæddir eftir veðri. Nemendur unglingastigs eru í frímínútum kl. 9:30-9:50 og þeir hafa val um hvort þeir séu inni eða úti í frímínútum.

Farsímar/rafrænir tónlistarspilarar.

Notkun farsíma er óheimil í kennslustundum, nema með sérstöku leyfi kennara. Nemendur unglingastígs mega nota símana á skólatíma m/leyfi kennara og síðan utan kennslustunda. Sama á við um rafræna tónlistarspilara nema um annað sé samið. Spjaldtölvur er stór hluti skólastarfs Höfðaskóla og þ.a.l. eru þær leyfðar öllum stundum. Ákveðnar reglur gilda um notkun þessara tækja.

Tapað – fundið

Mikilvægt er að nemendur séu ekki með peninga í skólanum að nauðsynjalaus. Ef nemandi finnur eða glatar einhverju í skólanum skal hann tilkynna það umsjónarkennara sínum eða húsverði. Allar eigur nemanda, s.s. töskur, pennaveski, föt, skór o.fl. skal merkja vel. Óskilamunir eru í vörslu húsvarðar og á foreldradögum og á skólaslitsdegi er þeim safnað saman á einn stað þar sem og forráðamenn geta leitað týndra muna. Að ári liðnu er óskilafatnaði komið til Rauða krossins.

Slys, tjón og bætur

Skólinn greiðir reikninga vegna komu nemenda á slysadeild vegna meiðsla sem orðið hafa í skóla eða á skólalóð á skólatíma og í ferðum á vegum skóla. Aðeins er um tvær fyrstu komur að ræða. Reikningar vegna stoðtækja eru ekki greiddir. Tjón á eigum nemenda, s.s. fatnaði, tækjum hvers konar, gleraugum o.fl. er ekki bætt. Skólastjóri staðfestir að óhappið hafi átt sér stað í skólanum til að forráðamenn geti leitað til sinna tryggingafélaga.

Útivistarreglur

Útivistarreglur eru skv. barnaverndarlögum. Þeim er ætla að tryggja nægan svefn en hann er börnum og unglingum nauðsynlegur. Mikilvægt er að fylgja því eftir að börn og unglingar fái nægan svefn. Útivistartími barna og unglinga tekur breytingum 1. sept. ár hvert. Frá þeim tíma mega 12 ára börn og yngri ekki vera lengur úti en til kl. 20:00 og 13 til 16 ára unglingar til kl. 22:00 nema í fylgd með fullorðnum. Undantekning er frá þessari reglu ef um er að ræða samkomu á vegum skóla eða félagsmiðstöðvar. Sjá <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002080.html> og heimasíðu Samanhópsins <http://samanhopurinn.is/>

Skólaþjónusta

Sveitarfélög skulu tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, ákveða fyrirkomulag hennar og stuðla að því að hún fari fram innan grunnskóla. Í skólaþjónustu felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Nemandi í vanda – hvert skal leita

Í meðfylgjandi töflu má fá upplýsingar um hvert foreldrar/forráðamenn eiga að snúa sér ef barnið þeirra á við vandamál að etja. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að umsjónarkennarinn er lykilpersóna sem tengiliður við skólaþjónustuna.

	Hvert á að leita? <i>Eðlilegt er að leita ætíð fyrst til umsjónarkennara</i>	Aðrir sem geta komið að málum. Fer eftir eðli máls hverju sinni.
Ofbeldi	Umsjónarkennari/stigstjóri Skólastjórnendur	Sálfræðingur Lögregla Nemendaverndarráð Félagsþjónustan
Einelti	Umsjónarkennari/stigstjóri Skólastjórnendur Náms-og starfsráðgjafi	Skólahjúkrunarfræðingur Sálfræðingur Nemendaverndarráð
Vanræksla	Umsjónarkennari/stigstjóri Skólastjórnendur Skólahjúkrunarfræðingur	Sálfræðingur Nemendaverndarráð Félagsþjónustan
Óöryggi – veik sjálfsmynd	Umsjónarkennari/stigstjóri Skólahjúkrunarfræðingur Náms-og starfsráðgjafi	Sálfræðingur
Sorg, ástvinamissir eða skilnaður	Umsjónarkennari/stigstjóri Náms-og starfsráðgjafi Skólastjórnendur	Áfallaráð Sálfræðingur Prestur
Grunur um fíkniefnanotkun	Umsjónarkennari/stigstjóri Skólastjórnendur Skólahjúkrunarfræðingur Náms-og starfsráðgjafi	Sálfræðingur Nemendaverndarráð Félagsþjónustan Lögreglan
Hegðunarörðugleikar	Umsjónarkennari/stigstjóri Skólastjórnendur	Náms-og starfsráðgjafi Sálfræðingur Nemendaverndarráð
Samskiptaörðugleikar	Umsjónarkennari Stigstjóri Skólastjórnendur Náms-og starfsráðgjafi	Nemendaverndarráð Sálfræðingur
Almennir og sértækir námsörðugleikar	Umsjónarkennari Sérkennari Skólastjórnendur Náms-og starfsráðgjafi	Sálfræðingur Nemendaverndarráð

Sérkennsla

Í grunnskólalögum er kveðið á um að skólinn skuli haga störfum sínum í sem fyllsta samræmi við eðli og þarfir hvers nemanda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi og því er sveitarfélögum skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi kennslu.

Stuðningur og sérkennsla eru ætluð þeim sem þurfa meiri hjálp við nám sitt en kennarar geta veitt í almennum kennslustundum

Sérkennsla eða stuðningur við nám getur verið með ýmsu móti, s.s.:

- Kennsla nemenda með einstaklingsnámskrá. Það felur í sér verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðstæðum.
- Stuðningsmiðuð kennsla þar sem ekki er vikið verulega frá bekkjarnámskrá. Þá er stuðningsfulltrúi inni í bekk, vegna námsörðugleika eða hegðunarvandamála.

Námsver Höfðaskóla er undir stjórn verkefnisstjóra sérkennslu. Með verkefnisstjóra starfa stuðningsfulltrúar, ýmist inni í bekk eða í Námsveri.

Verkefnisstjóri sérkennslu ásamt sérfræðingum Félags-og skólaþjónustu A-Hún á Blönduósi vinna greiningar á þroska, lestrarfærni og fleiri þáttum í samráði við foreldra viðkomandi nemanda.

Verkefnastjóri sérkennslu er *Agnes Sævarsdóttir*.

Almennur stuðningur

Starf stuðningsfulltrúa og sérkennslu skiptist í nokkra þætti:

- a) Aðstoð stuðningsfulltrúa við nemendur inni í bekk, vegna námsörðugleika eða hegðunarvandamála.
- b) Aðstoð við nemendur utan bekkja. Þessi aðstoð byggist á því að vera ýmist með ákv. nemanda/nemendum inni í bekk eða utan bekkjar t.d. í Námsveri.

Nemendur geta fengið sérkennslu samkvæmt greiningu sérfræðinga og greinandi skimunarprófum, ábendingum ýmissa aðila, s.s. kennara og foreldra.

Nemendavernd

Í Höfðaskóla er starfrækt nemendaverndarráð í samræmi við grunnskólalög og reglur um nemendaverndarráð. Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms-og starfsráðgjöf og sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlaða um sérstaka aðstoð við nemendur. Samstarfið getur verið bæði vegna einstakra nemenda og forvarnarstarfs.

Í nemendaverndarráði Höfðaskóla sitja skólastjórnendur, verkefnastjóri sérkennslu, fræðslustjóri, skólahjúkrunarfræðingur, ráðgjafi frá Félagsþjónustu og námsráðgjafi.

Kennarar vísa málum til nemendaverndarráðs. Þeir hafa tilkynningaskyldu gagnvart ráðinu ef þeir hafa grun um að nemendur séu vanræktir á einhvern hátt. Ef um tilkynningar um vanrækslu er að ræða tilkynna umsjónarkennarar skólastjórnendum málið, stjórnendur koma þá málinu til nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð fundar hálfsmánaðarlega á starfstíma skólans.

Náms- og starfsráðgjöf

Hlutverk námsráðgjafa er að vera talsmaður nemenda í skólanum, standa vörð um velferð nemenda og leita lausna í málum þeirra.

Námsráðgjafi veitir nemendum stuðning vegna persónulegra, félagslegra og hegðunarlegra erfiðleika. Stuðningurinn er einstaklingsmiðaður þar sem nemandanum er hjálpað að leita lausna.

Námsráðgjafinn vísar á önnur úrræði sé þess þörf. Námsráðgjafi er bundinn trúnaði um einkamál nemenda.

Hlutverk námsráðgjafa er einnig að vera með ákveðna starfsfræðslu fyrir nemendur unglingastigs. Við Höfðaskóla er starfandi námsráðgjafi í hlutastarfi.

Sálfræðiþjónusta

Sálfræðiþjónusta sem og önnur skólaþjónusta við Höfðaskóla fer í gegnum Félags- og skólaþjónustu Austur-Húnavatnssýslu sem staðsett er á Blönduósi. Fræðslustjóri er *Pórdís Hauksdóttir*.

Heilsugæsla

Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við þau bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Skólaheilsugæsla sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Skólahjúkrunarfræðingur kemur inn í lífsleikni og/eða almenna kennslu til að fræða nemendur og vekja þau til umhugsunar og ábyrgðar á eigin heilbrigði og líferni. Skólahjúkrunarfræðingur vinnur í samvinnu við forráðamenn, skólustjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda og situr í nemendaverndarráði. Nemendur geta komið á viðverutíma skólahjúkrunarfræðings og rætt þau mál sem þeim liggur á hjarta og eins geta foreldrar leitað eftir ráðgjöf skólaheilsugæslunnar varðandi vellíðan, andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði barnsins.

Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Skólahjúkrunarfræðingur hefur aðsetur í aðalbyggingu Höfðaskóla alla föstudaga **kl. 9:00 – 12:00**.

Nemendur 1., 7. og 10. bekkjar fá flúorskolun hálfsmánaðarlega. Hafi foreldrar athugasemdir við það eða bólusetningarnar skal hafa samband skriflega við skólahjúkrunarfræðing.

Almennt heilsufarseftirlit

1. bekkur - 6 ára - hæð, þyngd, sjón og heyrn.

2. bekkur - 7 ára - hæð, þyngd, sjón og litskynjunarpróf.

4. bekkur - 9 ára - hæð, þyngd og sjón.

7. bekkur - 12 ára - hæð, þyngd, sjón og litaskyn. Bólusett gegn mislingum, hettusótt og rauðum hundum.

9. bekkur - 14 ára - hæð, þyngd sjón og heyrn. Bólusett gegn mænusótt, stífkrampa, kíghósta og barnaveiki (ein sprauta).

Foreldrasamstarf

Foreldrafélag

Skv. 9.gr. laga um grunnskóla eru foreldrafélög lögbundin. Því skal við hvern grunnskóla starfa foreldrafélag. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Hlutverk foreldrafélags er að styðja við skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Sjá [lög um grunnskóla](#) frá 2008. Formaður foreldrafélagsins er Halldór Ólafsson.

Ýmsar áætlanir

Öryggi nemenda og starfsfólks.

Rýmingaráætlun, viðbrögð við vá.

Þegar vá steðjar að vegna utanaðkomandi þátta, s.s. veikindafaraldurs, óveðurs, bruna eða náttúruhamfara er unnið samkvæmt áætlun almannavarna. Áfallaráð skólans ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd mála eftir því sem við á. Rýmingaráætlun er í gildi og hangir uppi í öllum rýmum skólans. Áætlunin er kynnt árlega og haldin rýmingaræfing. Í kjölfar æfingar er áætlunin endurmetin og breytingar gerðar ef þurfa þykir.

Í skólanum er brunavarnarkerfi, nemar sem skynja hita og reyk ásamt brunaboðum.

Gerist þess þörf að rýma skólann er gefið merki með samfelldri hringingu skólabjöllu.

Teikning af stystu leið út úr skólanum er í hverri skólastofu og yfirlitsteikningar af útgönguleiðum eru báðum hæðum skólans og í íþróttahúsi.

Kennari stýrir því á hvaða hátt nemendur yfirgefa skólastofu og leiðir þá að ákveðnu „söfnunarsvæði“ fyrir utan skóla. Sjá nánar á heimasíðu skólans.

Óveður

Skólahald er í Höfðaskóla á meðan stætt er. Það heyrir til undantekninga ef skólahald fellur niður vegna veðurs. Foreldrum er hins vegar í sjálfsveld sett hvort þeir sendi börn sín í skóla þegar aðstæður þykja varhugaverðar. Ef vont veður skellur á á skólatíma skulu foreldrar sækja börn sín á fyrirfram ákveðnum tíma eða gefa leyfi til að þau fari sjálf heim. Þegar um fárviðri er að ræða, aflýsir skólastjóri skóla kl. 7 að morgni, í gegnum sms kerfi Mentors.

Mat á skólastarfi

Innra mat.

Skv 36.gr. grunnskólalaga skal hver skóli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra. Skólinn skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt ásamt áætlun um umbætur.

Allir starfsmenn skólans taka þátt í vinnuferlinu, í gagnaöflum, með viðtölum við foreldra, vinnu við líðan- og tengslakannanir ásamt því að taka þátt í rýnihópum um hin ýmsu mál er snerta skólastarfið. Gerð er sjálfsmatáætlun um það sem taka þarf fyrir hverju sinni og niðurstöður svo birtar í skýrslu að vori.

Skólinn notar greiningartæki *Skólapúlsins* við gagnaöflun, líðan- og tengslakannanir, foreldra- og starfsmannaviðtöl, niðurstöður samræmdra prófa, bekkjarnámskrár, almennt námsmat skólans, kennara- og starfsmannafundi, teymisfundi, rýnihópavinnu og ýmsar skimanir til þess að ná í sem fjölbreyttastar og áreiðanlegastar upplýsingar við vinnu að sjálfsmati.

Ytra mat

Ytra mat er alfarið á ábyrgð Mennta- og menningarmálaráðuneytis og eftir atvikum sveitarfélaga sem bera ábyrgð á rekstri grunnskóla.

Höfðaskóli fór síðast í gegnum ytra mat skólaárið 2013-2014 og í kjölfarið var unnin umbótaáætlun. Umbótaáætlun má nálgast á heimasíðu Höfðaskóla.

Nánustu samstarfsaðilar

Skólaráð

Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald (sjá reglugerð 1157/2008). Skólaráð fundar eftir þörfum.

Á heimasíðu skólans má sjá hverjir sitja í skólaráði hverju sinni.

Fræðslunefnd Höfðaskóla.

Fræðslunefnd Höfðaskóla er pólitískt kjörin nefnd og kemur að stefnumótun og ákvarðanatöku í málefnum leik-og grunnskóla sveitarfélagsins. Í nefndinni sitja pólitískir fulltrúar auk kennara, foreldra og skólastjórnenda.

Formaður fræðslunefndar er *Péturína Laufey Jakobsdóttir*.

Fulltrúi kennara í fræðslunefnd er *Sonja Dröfn Helgadóttir* og varamaður er *Dagný Rósa Úlfarsdóttir*.

Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

Höfðaskóli hefur átt náið samstarf við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki (FNV).

Nemendur geta tekið einingabært nám í Höfðaskóla í samstarfi við FNV.

Tónlistarskóli A-Húnvetninga

Á Skagaströnd er starfandi tónlistarskóli á vegum Tónlistarskóla A-Húnvetninga og er hann til húsa í næsta nágrenni við Höfðaskóla. Nemendur sækja tíma á skólatíma, samkvæmt svokallaðri „fljótandi stundatöflu“, þ.e. nemendur fara úr kennslustund en gætt er þess að nemendur missi ekki alltaf af sömu kennslugreininni.

Leikskólinn Barnaból

Skólahópur leikskólans kemur vikulega í Höfðaskóla og situr kennslustund með 1.bekk.